

**29.10.2010 – ÁR NÝSKÖPUNAR - OPNUN Í MAREL**

## **Samtök iðnaðarins velja leiðina upp!**

Hr. forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og aðrir góðir gestir.

Samtök iðnaðarins bjóða ykkur öll velkomin til formlegrar opunar **ÁRS NÝSKÖPUNAR** í íslenskum iðnaði.

Við teljum nú afar brýnt að sameina kraftana til góðra verka og sýna fram á að aukin nýsköpun í íslenskum iðnaði og atvinnulífinu öllu getur gegnt lykilhlutverki í endurreisn Íslands.

Við viljum horfa fram á veginn og sýna hvernig nýsköpun er virk í öllum íslenskum iðnaði en ekki bara í tilteknum fyrirtækjum sem ávalt eru kennd sérstaklega við hátækni og nýsköpun. Við erum reyndar stödd í einu allra glæsilegasta nýsköpunarfyrirtæki landsins og þykir okkur fara vel á því að ýta áttakinu úr vör í höfuðstöðvum Marels.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka forstjóra Marels á Íslandi og starfsfólki fyrir þann velvilja sem sýndur er með því að hýsa viðburðinn í dag.

Samtök iðnaðarins þakka forseta Íslands þann heiður sem hann sýnir iðnaðinum með því að leggja okkur lið og ýta **ÁRI NÝSKÖPUNAR** formlega af stað hér í dag.

Nú er ekki eftir neinu að bíða: Íslendingar verða að fara að ákveða hvort þeir ætla upp eða niður. Það hefur tekið allt of langan tíma að ákveða það - þótt augljósi kosturinn blasi við.

**Samtök iðnaðarins velja leiðina upp!**

**ÁR NÝSKÖPUNAR** er liður í því að vinna Ísland hratt inn á beinu brautina að nýju.

Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors og stjórnarmaður í SI, tekur nú við og stýrir samkomunni.

**Góðir gestir!**

**Njótið stundarinnar með okkur hér í dag. Takk fyrir!**